



Árshlutareikningur Byggingastofnunar janúar-júní 2021

Árshlutareikningur Byggingastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2021, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 25. ágúst 2021.

Hagnaður tímabilsins nam 99,4 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 19,19%.

Um stofnunina gilda lög um Byggingastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggingastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggingastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggingastofnunar janúar-júní 2021

- Hagnaður tímabilsins nam 99,4 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 19,19% en skal að lágmarki vera 8% auk 2,5% verndunarauka, eða samtals 10,50%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 272 milljónir króna eða 35,1% af vaxtatekjum, samanborið við 253 milljónir króna (41,8% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2020.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 245,8 milljónum króna samanborið við 276,7 milljónir árið 2020.
- Eignir námu 20.621 milljónum króna og hafa hækkað um 336 milljónir frá árslokum 2020. Þar af voru útlán 17.361 milljónir samanborið við 16.835 milljónir í lok árs 2020.
- Skuldir námu 17.368 milljónum króna og hækkuðu um 237 milljónir frá árslokum 2020.

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggingastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr uppgjöri og samanburður við fyrri ár

	30.6.2021	2020	30.6.2020	2019	30.6.2019
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur					
Vaxtatekjur	774.897	1.327.669	635.771	1.172.444	610.106
Vaxtagjöld	502.835	805.812	370.277	662.991	356.982
<i>Hreinar vaxtatekjur</i>	<i>272.062</i>	<i>521.857</i>	<i>265.494</i>	<i>509.454</i>	<i>253.123</i>
Rekstrartekjur	269.720	643.008	273.876	645.486	281.410
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	<i>541.782</i>	<i>1.164.865</i>	<i>539.370</i>	<i>1.154.940</i>	<i>534.533</i>
Rekstrargjöld	442.372	1.226.676	616.295	1.059.525	509.786
Hagnaður (-tap) ársins	99.410	-61.811	-76.925	95.415	24.747

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár

Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf. 13.240 298.032 161.543 182.258 78.868

	30.6.2021	31.12.2020	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2019
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Bankainnistæður	1.006.525	1.165.407	634.392	474.679	2.196.940
Útlán til viðskiptavina	17.361.135	16.834.885	15.795.676	13.850.098	13.039.452
Fullnustueignir	245.010	270.010	379.010	441.010	363.902
Veltuhlutabréf	357.928	353.283	609.080	585.845	587.355
Hlutdeildarfélag	733.607	699.594	679.808	682.252	674.017
Viðskiptakröfur	73.642	124.489	14.982	26.599	6.023
Varanlegir rekstrarfjármunir	843.538	837.284	738.683	414.975	184.794
Eignir samtals	20.621.384	20.284.952	18.851.631	16.475.459	17.052.483

Skuldir og eigið fé					
Lántökur og skuldabréfaútgáfur	16.646.852	16.788.799	15.275.843	13.014.318	13.678.567
Óráðstöfuð framlög	566.776	241.587	316.558	119.710	96.590
Aðrar skuldir	154.062	100.281	120.059	125.336	131.899
Skuldir samtals	17.367.690	17.130.667	15.712.460	13.259.364	13.907.056

Eigið fé	3.253.694	3.154.284	3.139.170	3.216.095	3.145.427
Skuldir og eigið fé samtals	20.621.384	20.284.952	18.851.631	16.475.459	17.052.483

	30.6.2021	2020	30.6.2020	2019	30.6.2019
Sjóðstreymi					
Handbært fé (-til) frá rekstri	141.555	368.640	74.505	427.163	75.290
Fjárfestingarhreyfingar	-482.007	-2.855.602	-1.800.275	-2.220.233	-767.911
Fjármögnunarhreyfingar	181.570	3.177.690	1.885.483	1.165.279	1.787.092
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé</i>	<i>-158.882</i>	<i>690.727</i>	<i>159.713</i>	<i>-627.791</i>	<i>1.094.470</i>
Handbært fé í ársbyrjun	1.165.407	474.679	474.679	1.102.471	1.102.471
Handbært fé í árslok/lok tímabils	1.006.525	1.165.407	634.392	474.679	2.196.940

Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármála fyrirtæki 19,19% 19,12% 20,00% 19,25% 20,07%